

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

**Efni:** Yfirlit aðgerða sem ætlað er að tryggja næga mönnun í leikskólum borgarinnar haustið 2018

### Markaðsáttak

#### 1. Auglýsingar

Vorið 2017 var auglýsingastofa var fengin til þess að hanna nýtt útlit og nýja nálgun í atvinnuauglýsingum skóla- og frístundasviðs. Það var mikið kappsmál að hafa hönnun og hugmynd sem myndi ná utan um öll þau fjölbreyttu störf sem eru á sviðinu. Niðurstaðan var að á auglýsingunum eru myndir af börnum þar sem fram kemur hvað þau ætli sér að verða í framtíðinni og síðan kemur setningin „Langar þig að vinna með framtíð landsins?“ Markmiðið er að vekja athygli á störfum skóla- og frístundasviðs en einnig að þessar auglýsingar virki sem hvatning fyrir fleiri að fara í nám á þessu sviði og/eða að gera uppeldis- og kennslustörf að framtíðarstarfi. Um var að ræða bæði prentauglýsingar og leiknar auglýsingar. Þá var birtingaráðgjafi fenginn til þess að gera áætlun um hvar og hvenær birta ætti auglýsingar út frá þeim markhópum sem sviðið vill ná til. Þessar auglýsingar birtust sem prentauglýsingar í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu, Stundinni og öllum hverfablöðum. Þá voru plaköt hengd upp í öllum framhaldsskólum, háskólum, sundlaugum, líkamsræktarstöðvum, kaffihúsum, verslunarkjörnum og þar sem leyfi fékkst til að hengja þær upp. Auglýsingar birtust á tengslatorg HÍ og senda á um 130 stúdentafélög. Þá voru vefborðar á [visir.is](http://visir.is), [mbl.is](http://mbl.is), [stundin.is](http://stundin.is) Video auglýsingar á RÚV, Stöð2, Sjónvarp Símans Premium og kvikmyndahúsum. Að lokum voru netmiðlar nýttir og voru birtingar á Facebook, Instagram, googleAdWords, google/youtube pre roll. Auglýst var jafnt og þétt allan s.l. vetur og núna í vor og fram á sumar.

#### 2. Kynningarmyndbönd

Í upphafi árs 2018 var farið að vinna að því að gera myndbönd og auglýsingar þar sem starfsfólkið er í fókus og markmiðið er að draga fram hversu áhugavert starfsumhverfið er og þau hlunnindi sem fylgja starfinu. Nú þegar hafa ýmis myndbönd verið unnið og hafa verið í birtingu. Mikill þungi verður lagður í birtingar núna í ágúst og september þar sem birtingar verða í blöðum, netmiðlum, kvikmyndahúsum, plakötum og fl.

Unnið er að gerð myndbanda fyrir alla leikskóla Reykjavíkur þar sem markmiðið er að leikskólar búi yfir kynningarefni til þess að kynna starfið í leikskólanum og þar með laða að umsækjendum.

### **3. Samfélagsmiðlar og markaðsnámskeið fyrir stjórnendur**

Leikskólastjórar hafa verið hvattir til þess að nýta Facebook síður starfsstaða sinna, heimasíður og foreldrahópin til þess að ná til umsækjenda. Námskeið um markaðsmál, samfélagsmiðla og samskipti við mismunandi markhópa var haldið fyrir leikskólastjóra í upphafi árs. Margir stjórnendur hafa nýtt sér þessa miðla með góðum árangri og jafnvel látið útbúa sérstakt efni til birtingar sem hefur gefist mjög vel.

### **4. Alfreð atvinnuleitarmiðill**

Alfreð er öflugur atvinnuleitarmiðill og hafa leikskólar verið hvattir til þess að nýta hann. Auðvelt er að tengja auglýsingar úr því kerfi sem Reykjavíkurborg notar við Alfreð og á þann máta nær auglýsingin til breiðari hóps en áður. Greitt hefur verið miðlægt fyrir allar auglýsingar á Alfreð sem virkaði sem enn meiri hvatning fyrir stjórnendur að nýta sem þann miðil.

### **5. Þjónusta Capacent**

Skóla- og frístundasvið hefur nýtt sér þjónustu Capacent sem felur í sér að störf skóla- og frístundasviðs eru auglýst meðal þeirra atvinnuleitenda sem eru á skrá hjá Capacent en ekki er unnið frekar með þær umsóknir hjá Capacent heldur eru þær sendar beint á stjórnendur skóla- og frístundasviðs. Þessi leið hefur verið nýtt fyrir þá leikskóla þar sem erfitt hefur reynst að manna störfina.

### **6. Samstarf við Félag eldri borgara**

Í upphafi árs 2018 var fundað með Félagi eldri borgara eftir að félagið sendi frá sér ályktun þar sem skólayfirvöld í Reykjavík voru hvött til þess að skoða hvort ekki væri hægt að fá fólk á eftirlaunum til hlutastarfa á leikskólum og frístundaheimilum borgarinnar. Félag eldri borgara var reiðubúið að senda sínum félagsmönnum póst þar sem störfina á skóla- og frístundasviði eru auglýst. Í þeim pósti kom einnig fram að frístundaheimili og leikskólar Reykjavíkur hafa mjög góða reynslu af því að hafa eldri borgara í vinnu og hefur mikil ánægja verið með það meðal barna og foreldra og annars starfsfólks. Það er því mjög eftirsóknaveint að fá fleiri eldri borgara til starfa og nýta dýrmæta þekkingu og krafta í þágu barnanna í borginni. Þá var einnig bent á að störfina eru fjölbreytt og getur starfsfólk oft á tíðum nýtt áhugamál sín í vinnunni, hvort sem það er að fara út í fótbolta með börnin, syngja með þeim, tefla við þau, lesa fyrir þau eða eitthvað annað. Það verkefni heldur áfram veturinn 2018.

### **7. Listafólk til starfa í leikskólum**

Veturinn 2018 var leitað samstarf við listafólk að standa fyrir listnámskeiðum fyrir leikskólabörn með það að markmiði að auðga leikskólastarfið og auka mönnun. Það verkefni heldur áfram á veturinn 2018.

### **8. Sumarstörf**

Sumarið 2018 voru 60 ungmenni, á aldrinum 17-20 ára, ráðin í leikskóla Reykjavíkur. Um var að ræða viðbótarstörf þar sem markmiðið var að vekja áhuga ungs fólks á leikskólum sem eftirsóknarverðum starfsvettvangi og fjölga þeim sem velja þetta starf til framtíðar. Lögð var

sérstök áhersla á góða móttöku og ákveðna umgjörð í kringum það þar sem starfsmennirnir sóttu nokkuð umfangsmikil námskeið á starfstímanum þar sem starfið og námið var vel kynnt.

### **9. Störf á skóla- og frístundasviði kynnt á Framadögum**

Á Framadögum gefst fyrirtækjum og stofnunum kostur á að kynna starfsemi sína og þau störf sem bjóðast fyrir ungu fólki sem er að skoða framtíðarmöguleika sína. Skóla- og frístundasvið tók að sjálfsögðu þátt í þessum kynningardegi og var það kröftugur hópur sem tók að sér að kynna störfin og starfsemina. Framadagar voru haldnir í febrúar 2018.

### **10. Störf á skóla- og frístundasviði kynnt fyrir nemum HÍ**

Sviðið stóð fyrir kynningu á störfum á skóla- og frístundasviði fyrir nemendur á menntavísindasviði HÍ veturinn 2017 og verður framhald af þeirri kynningu veturinn **2018**.

### **11. Viðurkenningar fyrir meistaraverkefni**

Veturinn 2017 var samþykkt að skóla- og frístundaráð myndi veita verðlaun fyrir meistaraverkefni sem hefðu hagnýtt gildi fyrir skóla- og frístundastarf í Reykjavík. Eitt af markmiðum þessa verkefnis er að vekja athygli á störfum í leikskólum borgarinnar.

### ***Nýtt á döfinni í ágúst 2018:***

Margvíslegar aðgerðir eru á döfinni til að stuðla að farsælli mönnun leikskólanna haustið 2018.

### **12. Fylgst með stöðu ráðninga**

Grannt hefur verið fylgst með stöðu ráðninga í leikskólum allan s.l. vetur og verður svo áfram. Það er gert með því að senda könnun á stjórnendur þar sem þeir gefa upp stöðuna. Þessar upplýsingar eru m.a. nýttar til þess að stýra birtingu auglýsinga annarra aðgerða er miða að mönnunarmálum. Nú þegar leikskólar opna að loknu sumarleyfi verður hringt í alla stjórnendur til að fara yfir stöðu starfsmannahalds í hverjum leikskóla.

### **13. Nýtt ráðningarkerfi**

Það ráðningarkerfi sem Reykjavíkurborg notast við í dag hefur þótt þungt í notkun bæði fyrir umsækjendur og stjórnendur. Því er fyrirhugað að fara í tilraunaverkefni þar sem annað ráðningarkerfi verður prófað sem er einfaldara og nútímalegra. Fyrstu starfsstaðir Reykjavíkurborgar fara í tilraunina núna í haust og er stefnt að því að allir starfsstaðir verði farnir að nota kerfið um áramótin.

### **14. Miðlæg afleysingastofa**

Farið verður í tilraunaverkefni núna í haust með stofnun afleysingastofu sem miðlar einstaklingum í afleysingastörf hjá Reykjavíkurborg. Markmiðið með stofnun afleysingastofu er að stuðla að meiri fjölbreytileika í ráðningum til borgarinnar og fara nýjar leiðir í mönnun á starfsstöðum Reykjavíkurborgar. Fyrir starfsstaði Reykjavíkurborgar er tækifæri til að ráða í afleysingu í tímabundin störf til að bregðast við ófyrirséðum og fyrirséðum forföllum og mun þetta fyrirkomulag búa til meiri sveigjanleika fyrir þá einstaklinga sem vilja tímabundin breytileg störf og vilja eða þurfa mikinn sveigjanleika í starfi. Þetta gefur einnig einstaklingum tækifæri til að kynnast störfum Reykjavíkurborgar án þess að skuldbinda sig til lengri tíma. Í fyrsta hluta verkefnisins verður eingöngu horft til starfa í leikskólum Reykjavíkurborgar.

## **STARFSUMHVERFI**

Ýmsar aðgerðir hafa verið samþykktar á liðnum mánuðum til að bæta starfsumhverfi í leikskólum. Bætt starfsumhverfi á að stuðla að traustari mönnun leikskóla.

### **15. Aukið rými barna á leikskólum**

Rými barna á leikskólum verður aukið með það að markmiði að núverandi rekstrarleyfi lækki um 7% að meðaltali samhliða byggingu nýrra leikskóla. Sett verða ný viðmið um rými fyrir hvert barn í leikskólum og æskilegan barnafjölda á deildum.

Aðgerðin kemur til framkvæmda í eftirtöldum áföngum:

1. áfangi: Rekstrarleyfi færð niður um 3% að meðaltali frá 1. ágúst 2018 en heimild til að færa rekstrarleyfi neðar á fjölmennustu deildum leikskólanna.
2. áfangi: Rekstrarleyfi færð niður um 4% til viðbótar 1. ágúst 2020, alls 7% að meðaltali á leikskólum borgarinnar.

### **16. Fjölgun starfsfólks á elstu deildum leikskóla leikskóla**

Heilt stöðugildi reiknast inn í grunnmönnun á deildum við hver 8 barngildi eða í hlutfalli af því. Samþykkt hefur verið að hækka barngildisviðmið 4 og 5 ára barna í áföngum og fjölga með því starfsfólki á elstu deildum leikskóla.

1. áfangi: Viðmið á deildum 5 ára barna hækki úr 0,8 í 0,9 frá og með 1. ágúst 2018.
2. áfangi: Viðmið á deildum 5 ára barna hækki úr 0,9 í 1,0 frá og með 1. ágúst 2019
3. áfangi: Viðmið á deildum 4 ára barna hækki úr 1 í 1,1 frá og með 1. ágúst 2020

### **17. Aukinn undirbúningstími starfsfólks**

Samþykkt hefur verið að fjölga undirbúningstímum leikskólakennara í 5 tíma á viku og deildarstjóra (óháð menntun) í 7 tíma á viku frá og með 1. ágúst 2018.

### **18. Lokað á aðfangadag og gamlársgangur**

Samþykkt hefur verið að leikskólar borgarinnar verði lokaðir á aðfangadag og gamlársgangur.

### **19. Fjármagn til heilsueflingar og eflingar liðsheildar**

Samþykktur hefur verið miðlægur pottur sem leikskólar geta leitað í til liðsheildar- og heilsueflingar.

### **20. Heimild til niðurfellingar leikskólagjalda á milli jóla og nýárs**

Samþykkt hefur verið að foreldrar geti fengið leikskólagjöld felld niður milli jóla og nýárs hafi þeir tilkynnt með fyrirvara að þeir muni ekki nýta þjónustuna. Samþykktin getur aukið svigrúm leikskólastjóra til að gefa starfsfólki frí á þessum tíma og gerir starfsumhverfið fjölskylduvænna um leið.

### **21. Heildarúttekt verði gerð á húsnæði og starfsaðstæðum í leikskólum á árinu 2018**

Samþykkt hefur verið að húsnæðismál leikskóla verði kortlögð með tilliti til þess að tryggja starfsmönnum leikskólanna viðunandi aðstöðu til faglegra starfa með tilliti til barnahópsins.

Velliðan barna og starfsmanna verði höfð að leiðarljósi við vinnuna. Að lokinni úttekt verði gerð áætlun um viðbótarfjármagn í viðhald og endurbætur leikskólahúsnaðis.

## 22. Aðgerðir til að tryggja stöðugleika í starfsmannahópnum

Margvíslegum aðgerðum, sem unnið er að, er ætlað að styðja við og auka stöðugleika í starfsmannahópnum. Meðal þess er að efla móttöku nýliða, auka stuðning við nýja leikskólakennara og bjóða upp á handleiðslu fyrir leikskólakennara vegna erfiðra mála í starfi.

## 23. Starfsumhverfi leikskólastjóra

Nú í haust fer af stað starfshópur sem hefur það markmið að leggja fram tillögur að bættu starfsumhverfi leikskólastjóra.

## LAUN STARFSMANNA LEIKSKÓLA

Laun starfsmanna leikskóla hafa tekið breytingum á liðnum árum og borgin hefur veitt starfsfólki leikskólanna að auki margvísleg hlunnindi í starfi.

## 24. Laun í leikskólum 1.ágúst 2018

### Laun í leikskólum 1. ágúst 2018

| Efling                                                           | Grunnlauna-flokkur | Grunnlaun | Miðað við meistaraþróf | Með neysluhléi án orlofs |
|------------------------------------------------------------------|--------------------|-----------|------------------------|--------------------------|
| Starfsmaður 2 (stúdentsþróf eða minna)                           | 226                | 300.344   |                        | 331.535                  |
| Leiðbeinandi 1 (stúdentsþróf af félagsfr. braut eða fagnámskeið) | 228                | 305.775   |                        | 337.530                  |
| Deildarstjóri C                                                  | 253                | 383.302   |                        | 423.108                  |

| Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar |     |         |  | Með neysluhléi án orlofs |
|------------------------------------|-----|---------|--|--------------------------|
| Leikskólaleiðbeinandi A og B       | 256 | 396.091 |  | 437.225                  |
| Deildarstjóri A og B               | 262 | 422.962 |  | 466.887                  |

| Félag leikskólakennara |     |         |         |  |
|------------------------|-----|---------|---------|--|
| Leikskólakennari       | 233 | 459.609 | 496.378 |  |
| Deildarstjóri          | 235 | 484.225 | 522.963 |  |

| FL - aðrir með háskólamenntun                                  |     | <34     | frá 35 ára | frá 40 ára |
|----------------------------------------------------------------|-----|---------|------------|------------|
| Háskólamenntaður starfsmaður A (háskólapróf í uppeldisgreinum) | 113 | 370.804 | 380.246    | 389.973    |
| Háskólamenntaður starfsmaður B                                 | 111 | 361.568 | 370.733    | 380.174    |
| Deildarstjóri A (háskólapróf í uppeldisgreinum)                | 120 | 406.136 | 417.423    | 429.049    |
| Deildarstjóri B                                                | 118 | 395.129 | 406.056    | 417.337    |

## **25. Neysluhlé**

Starfsfólki í Eflingu og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar er greitt neysluhlé fyrir að borða hádegisverð með börnunum. Neysluhléið nemur 10 yfirvinnustundum á mánuði fyrir starfsfólk sem borðar alla daga með börnunum en annars í hlutfalli af því. Hækkar það laun starfsmanna um 31.000 – 44.000 kr. á mánuði eftir röðun í launaflokka.

## **26. Yfirvinna**

Í þeim tilvikum sem ekki er hægt að sinna undirbúningi á undirbúningstíma vegna manneklu geta starfsmenn tekið hann í yfirvinnu. Þá eru starfsmannfundir utan daglegs vinnutíma.

## **Hlunnindi starfsmanna í leikskólum**

Starfsmenn leikskóla fá margvísleg hlunnindi í starfi sínu. Ætla má að árleg hlunnindi starfsmanns í fullu starfi með eitt barn á leikskóla séu að lágmarki að verðgildi 332.000 kr. á ári. Hlunnindin eru eftirfarandi:

## **27. Afsláttur af leikskólagjöldum**

Starfsfólk sem er með lögheimili í Reykjavík og á börn í leikskólum sem reknir eru af Reykjavíkurborg geta sótt um afslátt af leikskólagjöldum til leikskólastjóra í þeim leikskóla sem barnið dvelur í. Til að fá slíkan afslátt vegna barns í heilsdagsvistun þarf starfsmaður að vera að lágmarki í 70% starfi. Þeir starfsmenn sem eru að lágmarki í 50 % starfi fá afslátt fyrir barn í hálf dagsvistun. Starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar með lögheimili utan Reykjavíkur með börn í leikskólum utan borgarinnar eða í sjálfstætt starfandi leikskólum fá framlag til lækkunar leikskólagjöldum enda uppfylli starfsmaður skilyrði starfsmannaafsláttar og sækir um afsláttinn. Fjárhæð afsláttar er sú sama og vegna barna starfsmanna leikskóla Reykjavíkur í leikskólum Reykjavíkurborgar. Fullt gjald vegna 8 dvalarstunda er kr. 24.567 en gjald starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar er kr. 16.327.-

## **28. Forgangur að leikskólum Reykjavíkurborgar**

Starfsmaður leikskóla, með lögheimili í Reykjavík getur sótt um forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar fyrir barn sitt á þar til gerðu eyðublaði. Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns þarf að staðfesta umsóknina.

## **29. Fríar máltíðir**

Starfsfólk leikskóla Reykjavíkurborgar fær fríar máltíðir í leikskólanum allan daginn.

## ***Hlunnindi allra starfsmanna Reykjavíkurborgar eru að auki:***

## **30. Heilsuræktarstyrkir**

Starfsmaður sem ráðinn er á föstum mánaðarlaunum og hefur starfað í a.m.k. sex mánuði og tímakaupsmaður sem hefur starfað a.m.k. í sex mánuði getur sótt um heilsuræktarstyrk hjá því sviði/stofnun sem hann starfar hjá. Hámarksstyrkfjárhæð er nú kr. 16.000 fyrir starfsmenn í fullu starfi. Styrkfjárhæð tekur mið af starfshlutfalli starfsmanns og þeim kostnaði sem hann hefur orðið fyrir. Gert er ráð fyrir að lágmarksstyrkfjárhæð til starfsmanna í hlutastarfi og tímakaupsmanna verði að öðru jöfnu kr. 5.000 enda hafi ekki komið framlag frá öðrum aðila vegna kostnaðarins.

### 31. S kort

**S-kort** veitir starfsmanni aðgang að sundstöðum borgarinnar. Gildir fyrir starfsmann sem ráðinn er á föstum mánaðarlaunum til a.m.k. 3ja mánaða og hefur starfað a.m.k. í einn mánuð og tímakaupsmann sem starfað hefur a.m.k. í sex mánuði. Verðmæti árskorts árið 2017 er kr. 32.000.

### 32. Menningarkort

Menningarkort er árskort í Listasafn Reykjavíkur, þ.e. Kjarvalsstaði, Hafnarhús og Ásmundarsafn og Borgarsögusafn Reykjavíkur, þ.e. Árbæjarsafn, Landnámssýninguna, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Sjóminjasafnið í Reykjavík. Handhafar menningarkortsins fá einnig bókasafnskort í Borgarbókasafn Reykjavíkur. Kortið gildir jafnframt sem fríðindakort í safnbúðir og veitingasölur safnanna auk þess sem það veitir afslátt hjá fjölmörgum samstarfsaðilum. Kortið er fyrir starfsmann sem ráðinn er á föstum mánaðarlaunum til a.m.k. 3ja mánaða og hefur starfað a.m.k. í einn mánuð og tímakaupsmann sem starfað hefur a.m.k. í sex mánuði. Verðmæti Menningarkortsins árið 2017 er kr. 6.000.

### 33. Samgöngusamningur

Samgöngusamningar verða í boði fyrir starfsmenn frá 1. september 2017. Skilyrði samninganna en þau eru að starfsmaður ferðist að jafnaði ekki með einkabíl til og frá vinnu heldur notist við vistvænan samgöngumáta. Miðað er við að starfsmaður í 100% starfi notist við vistvænan samgöngumáta vegna ferða til og frá vinnu að jafnaði þrisvar til fjórum sinnum í viku eða í 60 – 80% tilvika á viku. Með vistvænum samgöngum er átt við allan ferðamáta annan en að ferðast með einkabíl eða vélknúnum farartækjum, svo sem að ganga, hjóla eða almenningssamgöngur. Samgöngusamningar skulu ávallt vera tímabundnir og er heimilt að semja til 6 eða 12 mánaða í senn. Starfsmenn í 50-100% starfshlutfalli fá fullan styrk að fjárhæð kr. 6.000 á mánuði. Starfsmenn í starfshlutfalli fram að 50% fá helming þeirrar fjárhæðar eða kr. 3.000 á mánuði. Lækki eða hækki starfshlutfall starfsmanns innan fyrrgreindra marka mun fjárhæð samgöngustyrks breytast til samræmis. Samgöngusamningar verða eingöngu í boði fyrir starfsmenn sem ráðnir eru í fast starfshlutfall. Styrkurinn er undanþeginn staðgreiðslu, sbr. 1. tl. 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Auk þess eiga starfsmenn kost á því að sækja um samgöngukort hjá Strætó bs. og fá þá 12 mánaða strætókort á verði 9 mánaða korts.